



Fundur LS með Svandísi Svavarsdóttur matvælaráðherra

1. nóvember 2023

39. aðalfundur LS

haldinn 12. og 13. október 2023

Strandveiðar

- LS krefst að fest verði í lög að strandveiðileyfi hafi að lágmarki 48 róðrardaga.
- LS ályktar að þar til handfæraveiðar verða gefnar frjálssar skuli efla og styrkja strandveiðikerfið á eftirfarandi hátt:
 - a. heimild Fiskistofu um stöðvun strandveiða verði numin úr gildi.*
 - b. tekin verði upp heimild til pörunar á umframafla, þannig að hægt verði að jafna það sem er umfram í næsta róðri. Heimild þessi nái til 26 kg af óslægðum þorski.*
 - c. heimildir strandveiðibáta til löndunar í VS sjóð verði í samræmi við aðrar veiðar.*
- Ufsi og karfi verði frjáls sem meðafli við strandveiðar.
- LS skorar á Fiskistofu að sinna betur lögboðnu eftirliti sínu varðandi eignarhald strandveiðibáta, sbr.: „einungis er heimilt að veita hverri útgerð, eiganda, einstaklingi eða lögaðila, leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. Eigandi fiskiskips skal vera lögskráður á skipið.“
- LS leggur til að ef strandveiðibátur er kominn með 500 kg í uppsafnaðan umframafla þá missi viðkomandi einn veiðidag.

Strandveiðar

- LS skorar á stjórnvöld að fella niður sérstakt gjald (svokallaðan bryggjuskatt) á virkjun veiðileyfa við strandveiðar.
- LS leggur til að sömu reglur gildi um undirmál á strandveiðum og í króka- og aflamarki.
- LS mótmælir harðlega stöðvun strandveiða 11. júlí 2023. Skorar sambandið á stjórnvöld að fara að lögum um að veiðarnar séu leyfðar í 12 veiðidaga í mánuði í fjóra mánuði, þ.e. maí, júní, júlí og ágúst. Með því verði strandveiðar óháðar aflamarkskerfinu auk þess sem jafnræði verði náð milli veiðisvæða umhverfis landið. Þannig verða strandveiðar fyrirsjáanlegar fyrir sjómenn, fiskkaupendur og aðra sem hafa af þeim atvinnu.
- LS krefst þess að svæðaskipting verði afnumin. Til þess að tryggja jafna skiptingu og menn geti byrjað að róa frá sinni heimabyggð.
- LS vill að leyfilegur heildarafli í þorski verði nú þegar hækkaður í 250 000 tonn. Það mun auka rými til strandveiða.
- LS leggur til að eigendum strandveiðibáta verði heimilt að ráða afleysingamann á strandveiðibát í allt að 10 daga.

Krókaflamark, aflamark o.fl.

- LS leggur til að fiskveiðiár smábáta verði almanaksárið.
- LS leggur til að með aflamarki sem flutt er til báts fylgi réttur til að flytja 15% yfir á næsta fiskveiðiár.
- LS leggur til að framsal veiðiheimilda fari í gegnum markað sem stjórnað er af opinberum aðilum.
- LS hafnar hugmyndum um veiðar á krókaflamarki með netum.
- LS hafnar öllum hugmyndum um sameiningu aflamarks- og krókaflamarks
- LS skorar á stjórnvöld að breyta lögum þannig að ufsi veiddur á handfæri teljist ekki til aflamarks.
- LS krefst frjálsra færaveiða smábáta á makríl.



Línuívilnun

- LS mótmælir harðlega tillögum starfshópa „Auðlindarinnar okkar“ að fella niður línuívilnun og skorar á matvælaráðherra að breyta ákvæði laga um línuívilnun þannig að hún gildi fyrir alla dagróðrabáta minni en 30 brúttótonn og styttri en 15 metrar. Verði 30% við landbeitningu, 20% við uppstokkun og 10% fyrir vélabáta.

Grásleppuveiðar

- LS leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á skipulagi grásleppuveiða:
 - a. Heimilt verði að taka upp net í brælutíð án þess að dagafjöldi til veiða skerðist.
 - b. Heimilt verði að hafa tvö grásleppuleyfi á bát.
- LS leggst gegn kvótasetningu á grásleppu.
- LS krefst þess að grásleppuveiðimönnum verði heimilt að sleppa lífvænlegum þorski við grásleppuveiðar. Það fyrirkomulag gildir nú um grásleppu sem kemur í þorskfisknet og einnig um lúðu, hlýra og blágómu í önnur veiðarfæri. Jafnframt verði heimilt að setja allan meðafla í VS.
- LS mótmælir harðlega enn og aftur þeirri ákvörðun að loka svæðum að fengsælum miðum við grásleppuveiðar í Faxaflóa vegna æðarvarps.

Veiðar með handfærum

- LS leggur til að handfæraveiðar smábáta verði gefnar frjálssar
- LS leggur til að handfæraívilnun verði 30%.

Greinargerð: Áriðandi er, að teknu tilliti þess samfélags sem við byggjum og loftlagsmarkmiða stjórnvalda, að viðurkennt verði að veiðar með handfærum séu vistvænni en aðrar veiðar sem stundaðar eru hér við land. Handfæraveiðar eiga að njóta ívilnunar.

Veiðarnar eru stundaðar á tvinn bátum, þ.e. þeir hafa tvær aflrásir, önnur sem nýtir jarðefnaeldsneyti til keyrslu að og frá veiðistað og hin sem knúin er af orku frá rafgeymum sem nýtt er til veiða. Rafgeymar eru svo hlaðnir á keyrslu og með landrafmagni. Auk þessa eru vindar og hafstraumar mjög mikilvægir þættir við handfæraveiðar og þeim fylgir engin mengun.

- LS leggur til að handfæraveiðar verði undanþegnar hrygningarstoppi.
- LS leggur til opnað verði fyrir handfæraveiðar við og í kringum sæstrenginn til Eyja.



Veiðar með gildrum

- LS mótmælir harðlega reglugerðabreytingu (500) um fjölda gildra í 2 000 á hvern bát við veiðar á grjótkrabba.
- LS krefst þess að humarveiðar verði eingöngu heimilar í gildrum á bátum undir 30 tonnum og 15 metrum.

Byggðakvóti

- Áður en byggðakvóta verði úthlutað verði strandveiðum tryggðir 48 dagar.
- LS leggur til að 50% af almenna byggðakvótanum verði bætt inn í strandveiðar.
- Byggðakvótar verði sameinaðir og heimildir nýttar á sama hátt og gildir um ívilnun á afla dagróðrabáta á línu.
- Bátar sem rétt eiga til heimildanna skulu vera minni en 30 brt með mestu lengd að 15 m og skráðir í viðkomandi byggðarlagi og veiði á króka.

„Auðlindin okkar“

- LS leggur til að skoðað verði að í stað svonefndrar innviðaleiðar í skýrslu starfshópa „Auðlindarinnar okkar“ verði því aflamarki úthlutað með sambærilegum hætti og gert er við viðbótarheimildir í makríl. Leiguverð verði sama upphæð og veiðigjald er í viðkomandi tegund og úthlutun bundin við dagróðrabáta minni en 30 brt enda séu þeir styttri en 15 metrar. Settar verði reglur um hámark á hvern aðila.

Greinargerð: Hugsanlega gæti aðgerð af þessum toga ýtt undir nýliðun í greininni og samhliða strandveiðum og grásleppu gert trillu útgerð að heilsárs atvinnu.



Afladagbók

- LS leggur til að afladagbók verði aflögð á dagróðrabáta enda er afli báts sjáanlegur á vef Fiskistofu stuttu eftir löndun og ferilvöktun ávallt aðgengileg.

Svæðalokanir, veiðarfæri og verndun grunnslóðar


- LS telur að ekki skuli beita reglugerðarlokunum eða skyndilokunum á krókaveiðar.
- LS krefst þess að óheimilt verði að nota flotvörpu við veiðar á loðnu og síld í íslenskri landhelgi. Óumdeilt er að skaðsemi veiðarfærisins er fyrir hendi, t.d. ánetjast gríðarlegur fjöldi grásleppuseiða við veiðarnar. Við löndun er skaðinn skeður auk þess að í aflanum er fullvaxin grásleppa. Bent skal á að við flotvörpuveiðar á sl. fiskveiðiári var magn grásleppu í lönduðum afla alls 58 tonn, rúmlega helmingi meira en úr botntrolli. Jafnframt bendir LS á að skipstjórar loðnuskipa gagnrýna notkun flottrolls við veiðarnar.
- LS krefst þess að togveiðar innan 12 sjómílna verði bannaðar.
- LS skorar á stjórnvöld að endurskoða heimildir til dragnótaveiða víða við landið.
- LS lýsir stórum áhyggjum vegna þess að búið er að heimila þorskanetaveiðar með 10 tommu möskva og farið er að nota mun dýpri net en áður var. Lagt er til að möskvastærð verði færð aftur niður í 8,5 tommur.

Rannsóknir á lífríkinu

- LS leggur til að Hafrannsóknastofnun rannsaki lífvænleika fisks sem sleppt er við handfæra- og línuveiðar.
- LS krefst þess að mælingar Hafrannsóknastofnunar á fiskistofnum og rannsóknaraðferðir verði teknar til gagnngerar endurskoðunar. Ljóst er að vísindalegar forsendur veiðiráðgjafar Hafrannsóknastofnunar í flestum fiskitegundum hafa engan veginn staðist. Skýringar stofnunarinnar á þessu eru ótrúverðugar og án viðunandi rökstuðnings. LS styður framkomnar hugmyndir um eflingu rannsókna á lífríki hafsins og samspili nytjastofna.
- LS krefst þess að rannsóknir og veiðiráðgjöf verði aðskilin.

Aflaregla, lúða, endurvigtun, skel- og rækjubætur, drónar

- LS gerir kröfu um að aflaregla verði sveigjanleg úr 20% í 25%.
- LS óskar eftir að heimilt verði að koma með lúðu að landi á línu og handfæraveiðum.
- LS leggur til að endurvigtun verði aflögð og allur afli endanlega vigtaður á hafnarvog.
- LS leggur til reglur um skel- og rækjubætur verði endurskoðaðar.
- LS mótmælir eftirliti Fiskistofu þar sem notaðir eru drónar.



LANDSSAMBAND
smábátaeigenda



Takk fyrir

